

## Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendisins

sent með tölvupósti á [svaedisskipulag@sass.is](mailto:svaedisskipulag@sass.is)

Reykjavík, 7. febrúar 2023

### Umsögn Landverndar um tillögu að svæðisskipulagi Suðrhálendisins -vinnslutillaga

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda vinnslutillögu. Tillagan er skýr og áhugaverð, en tekur ekki tillit til þeirra miklu náttúruverðmæta sem eru í húfi. Varúðarreglan virðist einnig algjörlega hafa gleymst.

Tillagan nær eingöngu til hluta miðhálendisins. Miðhálendið ber að líta á sem heild og er það að megin hluta þjóðlenda, sameign þjóðarinnar. Það er varasamt að fjalla um hálendið í bútum. Sveitarfélagamörk eru mannanna verk sem taka oft breytingum. Miðhálendi Íslands hefur sín eigin náttúrulegu mörk sem taka verður alvarlega þegar skipulag er rætt. Bútasamur er ekki rétta leiðin. Stjórnvöld hafa stefnt að því að hálendið verði verndað sem þjóðgarður. Athuganir sýna að meðal landsmanna, eigenda hálendisins, er góður stuðningur við þá hugmynd. Núverandi ríkisstjórn hefur kynnt áform um ákveðna mikilvæga áfanga á þeirri vegferð; að fleiri svæði hálendisins verði felld undir Vatnajökulsþjóðgarð. Tillagan að svæðisskipulagi Suðrhálendisins lýsir að mörgu leyti viðfangsefnum sem þjóðgarður framtíðarinnar mun hafa með höndum.

Það er áberandi að markmið tillögunnar og útfærsla stangast á; orð og mynd fara ekki saman. Markmiðin lýsa vernd og umhyggju fyrir þeim verðmætum sem hálendið hefur að geyma. Vinnslutillaga að skipulagi Suðrhálendisins felur í sér áform um mikla mannvirkjagerð og sem mun valda umtalsverðum óafturkræfum breytingum á eðli og náttúru Hálendisins. Þetta eru áform sem varða alla þjóðina sem landeigendur þess, en ekki eingöngu þau sveitarfélög sem standa að baki tillögunni.

Tillagan er nefnd vinnslutillaga. Það er hugtak sem er notað í vaxandi mæli. Stjórnsýsluleg staða vinnslutillögu er óljós og ekki kemur fram hvort og hvernig athugasemdum verður svarað. Samtök eins og Landvernd leggja mikla vinnu í að skoða og greina vinnslutillögur. Það er mikilvægt að ábendingar fái efnislega umfjöllun og verði svarað með skiljanlegum hætti.

### Markmið og fögur fyrirheit

Á bls. 12-14 er farið yfir markmið með svæðisskipulagi. Þar er sagt að markmiðið sé vernd náttúru og landslagsheilda ásamt því að tryggja sjálfbæra nýtingu. Þetta er í raun markmiðið með friðlýsingarflokknum „þjóðgarður“ í náttúruverndarlögum, sem er farsælasta leiðin til að ná fram sjálfbærri nýtingu án þess að ganga á verðmæti náttúrunnar. Á bls. 14 í greinagerð segir: „Á hálendinu er ósnortin náttúra og þeirri sérstöðu viljum við viðhalda. Þar upplifum við óbyggðir og viljum gera það áfram. Við höldum í verðmæt og einstök svæði með verndun landslagsheilda og sérstæðrar náttúru og umgöngumst náttúruna og auðlindir af virðingu.“

Markmiðið um að tryggja vernd víðerna og náttúru er mjög gott og frábært að því sé haldið til haga. Skipulagstillagan gengur því miður í berhögg við sett markmið þar sem hún leggur til verulega skerðingu á víðernum, aukið álag á náttúruna og óásættanlega uppbyggingu mannvirkja í lítt röskuðu landslagi Hálandisins.

Þá segir einnig á bls. 14 að framtíðarsýn fyrir Suðurlandi sé sterk samvinna. Ekki verður annað séð en sú samvinna einskorðist við þau sveitarfélög sem skipulagstillagan nær til, enda virðist áformað samráð við landeiganda, þjóðina, mjög takmarkað. Stjórn Landverndar dregur í efa að sveitarfélög á svæðinu hafi heimild til að ganga svo langt í stefnumörkun fyrir landsvæði í eigu þjóðarinnar allrar án aðkomu landeigandans; þjóðarinnar. Ríkir hagsmunir eru af því fyrir alla Íslendinga að vel sé farið með þá auðlind sem hálandið er og ábyrgð þjóðarinnar gagnvart því að standa vörð um þessi verðmæti gríðar mikil í hnattrænu samhengi, eins og til dæmis því að yfir 40% villtustu víðerna Evrópu eru á Íslandi<sup>1</sup>. Því er allsérstakt að sveitarfélög á Suðurlandi telji sig geta verið einráð þar um.

Þá virðist nefndin ekki gera sér grein fyrir því að Sprengisandsleið og Kjalvegur liggja um fleiri sveitafélög og Nýidalur er á miðju hálandinu en ekki við útmörk þess þó sveitafélagamörk liggja þar. Uppbyggðir vegir að sveitafélagamörkum uppi á hálandi eða Hálandismiðstöð sem er staðsett þar eingöngu því þar eru mörk sveitafélaga eru ekki vænleg til árangurs og lýsa vel takmörkunum sem svona svæðisskipulag þjáist af án samtals og samráðs við nærliggjandi sveitarfélög og eiganda landsins.

## Sértækar athugasemdir við einstaka kafla

### *Samgöngur – kafli 3.1*

Þessi kafli gengur í berhögg við þær fyrirætlanir um vernd náttúru og víðerna sem tilteknar voru í köflum 1 og 2. Malbikaðir uppbyggðir vegir sem hægt verður að nota um þriðjung til helming ársins skerða víðerni og náttúru beint<sup>2</sup>, sem og auka álag á Hálandið og spilla fyrir óbyggðaupplifun með stöðugri umferð vélknúinna ökutækja. Strax í annarri málsgrein kaflans er dæmi um allt of veikt orðalag greinargerðarinnar þegar kemur að áhrifum af mannvirkjagerð á náttúruna. Þar segir á bls. 16: „Áhersla er á að öll vélknúin umferð sé á skilgreindum vegum og slóðum“. Þetta á ekki að vera áhersla heldur skilyrðislaus kræfa enda er utanvegaakstur lögbrot. Uppbyggðir, malbikaðir stofnvegir á hálandinu eru í algjörrri andstöðu við óbyggðaupplifun, víðerni og vernd náttúrunnar. Þá er áherslan á að hámarkshraði verði hinn sami og á láglandi, 70-90 km/klst. (bls. 18) vísbending um að við vinnu að tillögunni hafi skort skilning og virðingu fyrir því í hverju verðmæti hálandisins felast. Umferð á allt að 90 km/klst. hraða á ekki heima á hálandinu. Akstur af þessu tagi er ógn við þau verðmæti sem flestir tengja upplifun á hálandinu. 70-90 km/klst. hraði felur í sér grundvallarbreytingu og er algjörlega óásættanlegur. Hálandið er til að njóta en ekki spilla með vaxandi umferð sem fer hratt yfir.

---

<sup>1</sup> [Skylda okkar að gæta óbyggðra víðerna | RÚV \(ruv.is\)](http://ruv.is)

<sup>2</sup> Sjá t.d. Náttúruverndarlög 60/2013 og Landsskipulagsstefnu

Á bls. 17 segir „Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.“ Þetta er í andstöðu við sjálft sig. Að setja malbikaða, uppbyggða vegi inn á víðerni, er í sjálfu sér algjörlega andstætt þessum markmiðum og skerðir þar þau varanlega.

Stjórn Landverndar leggst alfarið gegn því að svo mikil vegamannvirki verði reist á hálendinu, sérstaklega í ljósi þess að formleg vernd á svæðinu í dag er mjög takmörkuð; hún er bundin við einstaka svæði. Stefnan um vegagerð á hálendinu er alls ekki einkamál þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Hálendið er sameiginleg auðlind allrar þjóðarinnar, ríkt í þjóðarvitundinni, og stefnu um vegagerð og annað sem hefur mikil áhrif á hálendið bera að móta á breiðum vettvangi og með aðkomu Alþingis.

### *Ferðapjónusta – kafli 3.2.*

Á bls. 20 segir um stefnu fyrir ferðapjónustu á Suðurlandinu „Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni þegar kemur að ferðapjónustu þar sem hugað er að skýru og tryggju aðgengi að helstu náttúruperlum. Sérstaða hálendisins er óbyggðaupplifun og hana þarf að varðveita um leið og gestum er boðið að njóta hennar.“ Hér er í raun lýst markmiðinu með þjóðgarði þar sem aðgengi, sjálfbær þróun, fræðsla um náttúru- og menningarminjar og verndun þeirra fara saman. Með því að setja öll þessi mannvirki inn á skipulag eru sveitarfélögin að leggja grunn að frekari eyðingu og raski á náttúru, víðernum og landslagi, en lítið sem ekkert gert til þess að efla vernd hálendisins, enda eru svæði vernduð með lögum landsins og það þurfa skipulagsáætlanir að endurspegla. Þá er hér eins og annars staðar í greinargerð tekið allt of vægt til orða þegar kemur að verndun náttúru. Orðalagið „... skal taka mið af álagi...“ í 4. málsgrein í öðrum dálki á bls. 20 ætti að vera, ef um raunverulega vernd óbyggðaupplifunnar og náttúru væri að ræða, að „...takmarka skal með aðgerðum álag....“.

Erfitt er að sjá hvernig fyrirætlanir sunnlenskra sveitarfélaga um ferðapjónustu á hálendinu, þar sem heimila á hótelsbyggingar, verslun og veitingasölu á Hálendinu ásamt uppbyggðum vegum með 70-90 km/klst. hámarkshraða, stöðugu farsímasambandi og rafvæðingu skála, samræmast Landsskipulagsstefnu sem vitnað er í á bls. 21.

Stjórn Landverndar styður uppbyggingu þjónustu á jaðarsvæðum hálendisins, s.k. jaðarmiðstöðvar á mynd 3 og í kafla 3.2.1.1. Á þessum stöðum, sem allir eru fjölsóttir ferðamannastaðir, fer vel á því að byggja upp upplýsingaveitur, fræðslumiðstöðvar og þjónustu eins og verslun og veitingasölu sem og fjölbreytta gístaðstöðu eins og hótels, tjaldsvæði og gistiheimili. Á þann hátt er enda best stutt við atvinnuuppbyggingu í héraði um leið og staðinn er vörður um gæði hálendisins.

Stjórn Landverndar leggst alfarið gegn þeirri uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn sem tíunduð er í greinargerð innan miðhálendislínu. Sérstaklega alvarlegt er að skv. skipulaginu skuli eiga að byggja upp hálendismiðstöð, með sölu á vöru og þjónustu, í Nýjadal sem er langt inni á víðernum hálendisins – að ónefndu því að svæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og skipulag þess því háð stjórnunar- og verndaráætlun hans, sem er stefnumarkandi áætlun og skipulagsáætlunum sveitarfélaganna ber að taka

mið af. Hugmyndirnar sem lýst er í tillögunni að svæðisskipulagi Suðrhálendisins stríðir gegn öllum sérkennum svæðisins. Fjallaskálar með einfaldri þjónustu mæta grunnþörfum ferðamanna og stuðla að öryggi þeirra. Stórar miðstöðvar krefjast mannvirkja, mannafla og aðfanga sem auka álag og hafa neikvæð áhrif á allt nærliggjandi umhverfi. Þær eru með öðrum orðum algerlega úr takti við hálendið og þau gæði sem þar ber að standa vörð um.

Á bls. 29 í greinargerðinni stendur um fjallasel að ekki sé birtur listi yfir þau og ný fjallasel kalli ekki á breytingu á svæðisskipulagi, heldur einungis umsagnir. Fyrir vikið er nær ómögulegt að átta sig á því hve umfangsmikil áform um uppbyggingu fjallaselja (sem síðar má breyta í skálasvæði) eru í raun fyrirhuguð. Deplar á korti benda til þess að uppbygging nýrra selja (skála) sé í þápunum og eru slík áform á vitorði margra. Skemmst er í þessu sambandi að minnst deiliskipulagsvinnu Hrunamannahrepps vegna stórtækra áforma um skálauppbyggingu, þar sem samanlagður fermetrafjöldi stækkunar var um 2000 m<sup>2</sup> og fjöldi gistirýma var hækkaður um 198. Í svæðisskipulagstillögunni nú eru settar fram óljósar upplýsingar, sem er ámælisvert þar sem tilgangurinn er greinilega að forðast andmæli við skálabyggingum með tilheyrandi róti á stöðum sem í dag eru lítt raskaðir.

Brýnt er að tekin sé af allur vafi um það að ákvörðun um uppbygging þjónustu á þjóðlendum á að vera gerð með samþykki landeigendans, þjóðarinnar. Í kaflanum *Úthlutun leyfa til nýtingar á þjóðlendum* kemur skýrt fram að þörf er á stofnun sem hefur þetta með höndum á hlutlausan hátt. Þetta á ekki að vera á höndum sveitarfélaganna.

### *Ferðaleiðir kafli 3.2.2*

Eins og alltaf á Íslandi er ofuráhersla í samgöngumálum á einkabílinn. Á óvart kemur að í stefnu sem segist setja loftslagsmál og náttúruvernd á oddinn sé ekki minnst einu orði á almenningssamgöngur eða leiðsagðar ferðir á vinsæla staði á hálendinu.

Stjórn Landverndar varar við því að farið verði í margfalt vegakerfi á Hálendinu þar sem sérstakar reið-, ak- og hjólaleiðir verði byggðar. Réttast væri að koma á öflugum almenningssamgöngum á hálendinu, gera góða hjólastíga og leyfa þeim sem vilja keyra á torfærum að gera það áfram á vegum í núverandi ástandi. Bent er á að fólk leitar almennt í tilbreytingu frá hinu daglega lífi í frístundum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að grófir háledisvegir eru auðlind í ferðapjónustu; hluti ævintýrisins – um leið og þeir falla betur að víðernum, landslagi og óbyggðaupplifun.

Óskiljanlegt er hvaða hlutverki Markaðsstofa Suðurlands á að gegna í upplýsingagjöf um hálendið. Hún er engan veginn til þess fallin að geta gefið greinagóðar leiðbeiningar um ferðalög í viðkvæmri náttúru, enda markmið hennar gegnumgangandi að fá sem flesta ferðamenn á svæðið. Gæði hálendisins felast í örðu en fjölda, og áriðandi að halda fjöldaferðamennsku á láglandi, þar sem hún á heima. Það sama á alls ekki við alls staðar og gríðar mikilvægt er að standa vörð um fjölbreytni svæða.

Stjórn Landverndar leggst alfarið gegn því að Sprengisandsleið, Kjalvegur, Fjallabaksleið nyrðri og Kaldidalur verði uppbyggðir og malbikaðir vegir. Þessa vegi á fyrst og fremst að hanna með þeim hætti að þeir liggja þannig í landinu að þeir spilli ekki landslagsheildum eða raski friðsæld sem er mikilvægur hluti af upplifun á hálendinu.

### *Dreifikerfi raforku og fjarskipti – kafli 3.3.*

Athygli vekur að í kafla um helsta ásteytingarsteinna um nýtingu hálendisins, orkuöflun og -flutning, skuli eitt af markmiðunum ekki vera að takmarka áhrif þeirra á náttúruna. Enn verra er að opnað skuli vera fyrir möguleikann á frekari orkuuppbyggingu á Hálendinu þrátt fyrir að yfirlýst markmið sem fram koma á bls. 12-14 í greinargerð sé að vernda náttúru- og menningarminjar, þar með talið landslag og víðerni sem og óbyggðaupplifun.

### *Landslagsgreining og mat á verndargildi – kafli 4.1.*

Mjög sérstakt er að höfundar þessarar vinnslutillögu hafi farið í sjálfstætt mat á víðernum og náttúruverðmætum, þegar ótal greiningar og skýrslur eru nú þegar til um verðmætið. Þá er sérstaklega skrýtið að notast við skilgreiningar Eflu á víðernum sem er hvorki óháður og sjálfstæður né opinber aðili heldur ráðgjafi á samkeppnismarkaði sem vinnur með fyrirtækjum (t.d. mjög mörgum orkufyrirtækjum) sem greiða þeim fyrir aðstoð. Sérstaklega skilgreind mannvirkjasvæði sem fjallað er um í kafla 4.2 og víðar eru sérstakt áhyggjuefni. Á miðhálendinu ber að halda raski, bæði skv. náttúruverndarlögum (greinum um víðerni og sérstaka vernd) og skv. landsskipulagsstefnu, í algjöru lágmarki.

Mjög jákvætt er að sveitarfélög á Suðurlandi telji ástæðu til þess að auka vernd miðhálendisins í þeim flokkum sem falla undir svæði sem skilgreind eru á bls. 42 í greinargerð sem V1 og V2. Þeirri vernd verður að koma á sem fyrst í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga og hvetur stjórn Landverndar samtök sveitarfélaga á Suðurlandi til þess að eiga framgöngu um verndina sem fyrst, til þess að sýna að skipulagsgerð þeirra og vilji sé raunverulega í takti við yfirlýst markmið um vernd hálendisins. Afleit leið er að setja víðerni eingöngu undir hverfisvernd, enda er það form verndar afar veikburða.

### *Verndarsvæði- Kafli 4.3.*

Kaflinn er ágætur svo langt sem hann nær. Stjórn Landverndar hvetur sveitarfélögin sem að skipulaginu standa, að þrýsta á öflugum vernd svæðanna samkvæmt lögum og falla frá öllum áformum sem rýra verndargildi eins og lýst er í þessari umsögn. Öflug vernd er skilgreind í náttúruverndarlögum og besta verndin þar sem samhliða er tryggt aðgengi, fræðsla og sjálfbær nýting er í gegnum þjóðgarð. Í

náttúruverndarlögum eru víðerni einnig skilgreind og hægt að styðjast við kort sem gefið hefur verið út á vegum rammaáætlunar<sup>3</sup>.

#### *Auðlindir ferðaþjónustu – kafli 4.5*

Á bls. 51 segir: „Í rannsóknunum sem fjalla um hálendið kemur fram að aðdráttarafl hálendisins „felst fyrst og fremst í „ósnortnum“ víðernum ásamt ýmsum eiginleikum náttúrunnar eins og fegurð, landslagi, útsýni, fjölbreytileika, jarðfræði og einstökum náttúrufræðingum; fjöllum, jöklum, hverum og auðnum“. Sjórn Landverndar tekur undir þetta. Það skýtur því skökku við að setja á sama tíma fram stefnu sem skerðir þessi gæði verulega með hótélbyggingum og uppbyggðum vegum. Einkar mikilvægt er að tryggja að á hálendinu séu áfram svæði sem eru laus við mannmergð og mannvirki sem og hávaðamengun frá vélknúnum ökutækjum og því verður ekki séð hvernig áfram verði tryggð þau gæði sem laða ferðafólk að hálendinu með því að gera uppbyggða malbikaða stofnvegi um hálendið.

#### *Kyrrlát svæði – kafli 4.6.*

Kortið á mynd 15 þarfnast nánari skýringa. Það er augljóst að engin kyrrð fæst í nágrenni við vegi með mikilli umferð og 90 km/klst. hámarkshraða eins og kortið gefur til kynna.

#### *Orka – kafli 4.7*

Enn og aftur er orðalag þegar kemur að náttúruvernd á móti mannvirkjagerð allt of veikt. Á bls. 53 í greinargerð segir „Við tökum mið af verndargildi náttúru....“ sem setur engar kröfur á mannvirkjagerð. Betra væri að segja að „Við setjum verndargildi náttúru í forgang...“ eða því um líkt til að taka af allan vafa um að ný orkumannvirki skuli ekki skerða náttúruverðmæti, eins og markmið í greinargerð gefa til kynna. Jákvætt er að í greinargerð er ekki gerð tilraun til að smætta gildi rammaáætlunar sem stjórntækis en miður að horfa eigi til s.k. „smávirkjana“ í jaðri Hálendisins. Nýlegt dæmi um fyrirhugaða Hnútvirkjun sýnir að „smávirkjanir“ í jaðri Hálendisins geta valdið miklu tjóni á náttúrunni og skaðað víðerni þess. Það dæmi sýnir einnig vangetu sveitarfélaga til að meta hlutlaust orkuuppbyggingu gagnvart vernd náttúru. Hefðu náttúruverndarsamtök og einstaklingar ekki kært ákvörðun sveitarfélagsins til Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, hefði hún staðið þrátt fyrir brot á náttúruverndarlögum<sup>4</sup>.

#### *Kafli 5.1 Mannvirkjagerð*

Undir kaflanum „Stefna“ á bls. 57 segir að „óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar og að borin sé virðing fyrir landslagi og verndargildi landslagsheilda“ en á korti

---

<sup>3</sup> [ostmanetal2021\\_wildernessiceland.pdf \(hi.is\)](#)

<sup>4</sup> [Hverfisfljóti og Skaftáreldahrauni borgið eftir 15 ára baráttu - Landvernd](#)

Á mynd 17 á sömu blaðsíðu er ljóst að veruleg skerðing verður á óbyggðaupplifun og náttúrugæðum þar sem mikil umferð og uppbygging er skv. kortinu á óskaskipulagi sveitafélaganna sem standa að því. Á kortinu á mynd 17 er ljóst að Hálendið verður bútað niður í litlar einingar sem dregur verulega úr náttúrugæðum og stríðir gegn markmiðum á bls. 12, 14 og 57. Sérstaklega alvarlegt er að skipulagið virðir að vettugi nálægð Sprengisandsleiðar við friðlandið í Þjórsárverum. Með uppbyggingu vegarins, Hálendismiðstöðvar í Nýjadal (og samlegðaráhrifum beggja), auk uppbyggingar enn frekari orkumannvirkja í nálægð við Sprengisandsleið, er friðlandinu alvarlega ógnað.

Þá er erfitt að sjá hvernig sveitarfélögin ætla sér að hafa eftirlit með því að sú stórkallalega uppbygging sem þau leggja til að verði á hálendinu fari ekki út fyrir það sem lagt er til í greinargerð eða hvernig þau ætla sér að vernda í raun þau svæði sem mikil ástæða er til að vernda, svo sem víðerni. Hingað til hafa sveitarfélög verið vanmáttug til þess að sinna náttúruvernd og alls óvíst að eftir svo mikla uppbyggingu og uppskiptingu hálendisins, sem og miklum skerðingum á víðernum og öðrum náttúrugæðum, að framkvæmdaaðilar uni því að stöðva eyðilegginguna við þá staði sem svæðisskipulagsnefnd leggur hér til. Sagan bendir í það minnsta til annars: eyðilegging heldur áfram þar sem hún er byrjuð.

Stjórn Landverndar leggst alfarið gegn hugmyndum um þau svæði sem tiltekin eru til mannvirkjagerðar á mynd 17.

### *Kafli 5.2 Orkuvinnsla*

Hér er nauðsynlegt að ítreka að verkefnisstjórn rammaáætlunar og faghópar vinna ítarlegt mat á áhrifum af stórum virkjunum. Það mat er nauðsynlegt að leggja til grundvallar og tiltaka það sérstaklega í greinargerð. Í vinnu rammaáætlunar hefur komið skýrt fram, þrátt fyrir afgreiðslu Alþingis, að ríkir verndarhagsmunir liggja fyrir til þess að vernda Þjórsárver og nágrenni og fossana í efri hluta Þjórsár eins og Dynk og Gljúfurleita foss. Það er því bein skrumsækling á raunveruleikanum að í greinargerð skuli eftirfarandi setningu vera að finna „Á Þjórsár- og Tungnaásvæðinu eru mögulegir virkjanakostir án mikilla hagsmunaárekstra við verndarhagsmuni.“

Stjórn Landvernd styður betri nýtingu á fyrirliggjandi orkumannvirkjunum svo fremur sem það veldur ekki meira álagi á náttúru eða spilli víðernum frekar en orðið er.

Stjórn Landverndar hvetur sveitarfélög á Suðurlandi til þess að láta endurgera mynd 18 frá grunni í virku samtali við aðila sem hafa grundvallar þekkingu á eðli og innihaldi raunverulegrar náttúruverndar<sup>5</sup>. Það ættu að vera lágmarkskröfur þegar áætla á hagsmunaárekstra milli náttúruverndar og orkuvinnslu, að ræða við aðila sem þekkja bæði orkuvinnslu og verðmæti náttúru á svæðinu.

---

<sup>5</sup> Sá aðili er ekki verkfræðistofan Efla

#### Kafli 5.4. – Beitar- og veiðinytjar

Eins og áður sagði er sjálfbær nýting náttúruauðlinda sem ekki skerðir náttúruverðmæti sjálfsögð innan þjóðgarðs og besta leiðin til að vernda náttúru og tryggja aðgengi og sjálfbæra nýtingu á Hálendinu er einmitt með því að nýta farsæla reynslu af stofnun og rekstur þjóðgarðs. Athygli vekur að þrátt fyrir að sjálfbærni sé gegnumgangandi stef í allri greinargerðinni er ekki sett fram stefna um að beit skuli vera sjálfbær. Stjórn Landverndar leggur til að fyrstu setningu í greinargerð undir „Stefna“ verð breytt úr:

*„Áfram verður hófleg beit á afréttum og landnýting í samræmi við landbótaáætlanir reglugerðar nr. 1166/2017 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og lög um afréttarmálefni, fjallskil og fleira frá 1986“*

*„Áfram verði stundaðar hefðbundnar nytjar á hálendinu á sjálfbæran hátt. Beit verði stýrt þannig að eingöngu verði beitt á svæði sem þola vel beit að mati Landgræðslunnar og beitarþunga verði stýrt í samræmi við ráðleggingar stofnunarinnar“*

#### Kafli 6.1 Loftslag

Það er mikið fagnaðarefni hversu stórt hlutverk loftslagsmál spila í þessari greinargerð. Þó er enn um að ræða nokkurt misræmi milli aðgerða og markmiða; til dæmis að stefna að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en auka á sama tíma mjög á vélknúna umferð um hálendið. Eins og áður sagði er skrytið að ekki sé fjallað ítarlega um möguleikann á almenningssamgöngum á hálendinu, sem gæti dregið verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Leiðir sem tilgreindar eru á bls. 64 telur Landvernd vera mjög góðar, en leggur til eftirfarandi viðbætur merktar með gulu:

- Sveitarfélög taka mið af loftslagsstefnu Suðrhálendisins í tengslum við aðalskipulagsgerð.
- Sveitarfélögin skilgreina sameiginlegar aðgerðir í samstarfi við ríkið og aðra hagaðila, til að vinna að loftslagsvænni landnotkun. Þær taki til:
  - o Meiri nýskógrækt til kolefnisbindingar þar sem tillit er tekið til líffræðilegrar fjölbreytni og skilyrði sett um notkun framandi tegunda sem eru eða gætu verið ágengar.
  - o Eflingar landgræðslu til kolefnisbindingar, stöðvunar kolefnistaps úr jarðvegi og vörnum gegn jarðvegsrofi.
  - o Verndunar og endurheimtar votlendis, endurheimtar fyrri landgæða og viðhaldi og útbreiðslu náttúruskóga.
  - o Friðunar viðkvæmra svæða, tímabundinnar eða til lengri tíma.
- Áfram verður unnið að kortlagningu á ástandi lands, uppblæstri og jarðvegsrofi, ásamt mati á losun.
- Áfram verði unnar landbótaáætlanir sem komi í veg fyrir að beutiland sé nýtt umfram beitarþol og um uppgræðslu rofsvæða. **Beit á illa förnu landi, sem skilgreint er á grolind.is, verði stöðvuð.**



- Samráð verði á milli sveitarfélaga og landeigenda um afmörkun svæða til bindingar kolefnis með landgræðslu og/eða skógrækt þar sem fullt tillit verður tekið til verðmætra náttúrusvæða
- Sveitarfélögin vinna að loftslagsvænni samgöngum með uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta. Hún getur t.a.m. falið í sér skipulag ferðaleiða fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi, uppbyggingu innviða fyrir rafbíla/rafhjól og skipulagi áætluunarferða til að bæta aðgengi að hálendinu. Áhersla verður á að finna farsælar leiðir fyrir almenningssamgöngur um Hálendið á sumrin.

Fleiri leiðir eru nefndar á bls. 64-65, en Landvernd telur að allt of mikil áhersla og athygli fari í úrgangsmál og flokkun. Það eru vissulega mikilvæg atriði, en í stóra samhengi loftslagsmála myndi nægja að hafa einn áherslupunkt um úrgangsmál en ekki þrjá.

### *Kafli 7.2 – Samvinna og upplýsingagjöf*

Lýsingin á Suðurrhálendinu strax á eftir kaflaheiti 7.2 lýsir því sem þjóðgarður á að gera. Listinn á bls. 70 sýnir þó enn og aftur að ofuráhersla er í greinagerð vinnslutillögunnar á mannvirkjagerð og nýtingu en ekki á vernd þar sem mælikvarðarnir sem beita á varða að litlu leyti náttúruvernd og framgang hennar, þ.m.t. verndun víðerna. Einn mælikvarðinn ætti auðvitað að vera vernd víðerna og til að vera í samræmi við markmiðin ættu þau ekki að skerðast ef skipulaginu verður framfylgt. Þetta á einnig við um þær matsspurningar sem settar eru fram á bls. 73, þar sem það að standa vörð um raunverulegar auðlindir miðhálendisins lætur í minni pokann og mjög fáar matsspurningar varða raunverulega vernd sérstöðu þess. Þá telur stjórn Landverndar að mat umhverfisþátta séu allt of vægt, m.ö.o. of jákvætt metnir.

### **Lokaorð**

Stjórn Landverndar telur að framsetning vinnslutillögu svæðisskipulags Suðurrhálendisins sé vönduð og skilmerkileg. Því miður virðast markmið hennar ekki vera í samræmi við þá stefnumörkun sem birtist í tillögunni. Stefnumörkunin mun hafa neikvæð áhrif á víðerni og önnur náttúruverðmæti og leiða til stórkallalegrar samgönguuppbyggingar, orkuvinnslu og -flutningis og aðfanga- og vinnuafslfrekarar þjónustu við ferðamenn, sem er úr takti við það sem gestir svæðisins sækjast eftir og leggja ætti til grundvallar. Stjórn Landverndar telur að tillöguna verði að vinna í betri samvinnu við þá sem nýta og njóta hálendisins og bera hag þess fyrir brjósti án þess að vilja hagnast á því fjárhagslega, sem og við raunverulega eigendur landsins. Það er því þörf á rótækum breytingum á framsettri vinnslutillögu eins og lýst hefur verið hér að framan.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri*

